



Fundur skólaráðs Smáraskóla 15. febrúar 2011

Mættir: Elín Blöndal (fulltrúi foreldra), Alda Pálsdóttir (fulltrúi foreldra), Guðmundur Hafsteinsson (fulltrúi foreldra), Friðbjófur Helgi Karlsson (skólastjóri), Björg Baldursdóttir (aðstoðarskólastjóri), Guðmundína Kobeinsdóttir (fulltrúi kennara) og Rannveig H. Ásgeirsdóttir (formaður skólanefndar í Kópavogi).

Dagskrá fundarins:

Rannveig (formaður skólanefndar) boðin velkomin og fær orðið.

1. **Formaður skólanefndar heimsækir fundinn.** Menntasvið hefur ákveðið að fara í meira samstarf við skólana. Rannveig talar um að núna sé tiltölulega ný skólanefnd. Stefnt að ráðstefnu allra skólaráða – farið yfir hlutverk skólaráða. Er að koma bréf til foreldra um hvað gerist hjá skólanefnd í kjölfar fjárhagsáætlana. Verkefni skólanefndar er meðal annars að fara yfir skólastefnuna og laga hana. Að mati Rannveigar á skólastefna á að vera að stærstum hluta faglegt plagg. Sú vinna fer af stað nú á vordögum. Skólasamfélag byrjar hjá foreldrum. Skólarnir eru þjónustustofnanir. Rannveig leggur áherslu á að fólk hafi samband ef eitthvað er, lausnir, áhyggjur ofl. Fundarmönnum finnst þetta lýðræðisleg vinnubrögð og gott.

Ráðstefna skólaráða: Rannveig að huga að því – verður væntanlega í mars. Skólanefnd er að fara í útboð t.d. í mötuneyti og skólaakstri.

Niðurskurður er ekki eins í öllum sveitarfélögum. Hvorki krónutala né útfærslur. Rannveigu finnst takmörkuð sýn að loka heilum skóla eins og rætt var um í Kópavogi. En í kjölfar niðurskurðar er breytt úthlutun kennslumagns – kemur illa út á mörgum stöðum en betur á öðrum stað. Skoðað hvernig álag verður á skólafólk í kjölfar hagræðingar og skólum gefst tækifæri til að setjast niður og ræða hvernig hagræðingartillögur koma út í hverjum skóla fyrir sig.

Stytting á skólaárinu? Sambandið hefur alfarið séð um það og er enn að vinna það mál – kannski verður boðið upp á það og alls ekki víst að skólanefndir á öllu landinu nýti sér það.

Hafnarfjörður hefur viljað fara 5-4-3 leiðina – en má það ekki. Við horfum fram á samdrátt í þjónustu við nemendur og foreldra. Mikilvægt að samfélögin komi saman að þessu. Verði vel upplýst og jafnvel láti í sér heyra.

Með breytingunni erum við með 10 færri tíma en við vorum með. Skólarnir hafa minna svigrúm til að mæta fækkun nemenda. Mikið þúsl.

Skóli án aðgreiningar – hvaða tæki, mannafla og kraft höfum við til úrlausna. Er hægt að breyta því – tölum við foreldra.

Hver er niðurskurður í % talið milli ára. Rannvegi svarar því að um 280 milljónir hafi átt að sparna í leik og grunnsk. Grunnskólasviðið endaði í 158 milljónir.

Í umræðunni var ákveðið að standa vörð um sérkennsluna og hætta við að leggja niður Kópavogsskóla.

Friðþjófur skólastjóri tekur við.

Skyggna 1. Fjárhagsáætlun. →við hér vorum frekar vel undir búin. Þrískipting frímínútna er jákvætt, útboð þrifa er gott. Skólaliðar nýtast vel í dægradvöl og létt þrif. Erum með færri stöðugildi skólaliða.

Rannveig → ekki sitja allir skólar við sama borð varðandi matinn og dægradvöl. Misjafnt milli skóla og misjafnt milli fjölskyldna. Einn skóli í Kópavogi eldar frá grunni (Salaskóli).

Skyggna 2. Búið að fækka sviðum í yfirstjórn bæjarins. Engir styrkir verða veittir á þessu ári og á að endurskoða reglur varðandi það.

Við í skólunum fögnum þeim orðum að hægt verði að endurskoða hlutina þegar skólarnir hafa búið til sitt skipulag.

Skyggna 3. Skóladagatalið. Vantar aukagæslu við skólann vegna Sjávarútvegssýningarinnar. Ekki gott að hafa nemendur úti við skólann á meðan sýningin er í gangi. Umræða um að 1. – 4. bekkur verði ekki í skólanum á meðan á sýningin stendur. Hugmynd Guðmundínu að beina umferðinni frá aðkeyrslunni að skólanum skólann. Setja reglur um að engir þungaflutningar fari fram um veginn. Mikilvægt að bregðast við þessu strax og vernda börnin. Talað um mikla umferð hér við skólann bæði vegna Sporthússins og íþróttahúsanna.

Skyggna 4. Umræða í skólanefnd um skerta skóladaga. Rætt um að samræma útlit skóladagatala. Skipulagsbreytingar innanhúss, við skiptum skólanum upp í stig. Fækkun stjórnenda og breytingar á skólastofum. Nemendafækkun er óheppileg og skólinn verður með óhagstæðar rekstrareiningar. Myndast þrýstingur á stærri bekki og færri list- og verkgreinar.

Skyggna 5. Skólalóðin - ekki fékkst fjárveiting kostnaðarmat var 8 milljónir en verið er að skoða ýmsa möguleika í þessu sambandi – Friðrik Baldursson er vel inni í málinu.

Frá foreldrafulltrúum

Foreldrasáttmáli fyrir yngri börnin. Elín sýnir okkur hugmyndir að sáttmála frá Heimili og skóla. Lagt til að hvatt sé til að nota svona foreldrasáttmála. Rannveig segir frá vinnu þar sem fólk gerir sína eigin sáttmála.

Dægradvölin – áhrif gjaldskrárbreytinga, börn kannski of ung ein heima. Þarf meira pláss/rými fyrir dægradvölin. Þurfa meira afdrep fyrir sig og meira pláss. Hækkaður rómur starfsfólks á stundum. Guðmundína segir að mestur hávaði sé þegar þau eru öll að koma inn kl. 13.20. Gott samstarf við Breiðablik í íþróttaskólanum.

Samstarf Tónlistarskólans og Smáraskóla. Vonar að það gangi enn vel að starfa saman. Forskólinn að hann hafi pláss hér. Mikilvægt að láta foreldra vita af því að börnin geti stundað sitt tónlistarnám hér í skólanum. Friðþjófur bendir á að þurfi að efla samstarf frá tónlistarskólanum og yfir til okkar í Smáraskóla.

Fundi slitið kl. 18:35

Fundarritari: Björg Baldursdóttir